

SÁTT
samrunaaðila og Samkeppniseftirlitsins
vegna kaupa Fagkaupa ehf. á Jóhanni Ólafssyni & Co. ehf.

Kaup Fagkaupa ehf. (hér eftir „Fagkaup“) á öllu hlutafé Jóhanns Ólafssonar & Co ehf. (hér eftir „Jóhann Ólafsson“) fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið og samrunaaðilar eru sammála um að unnt sé í þessu máli að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans með skilyrðum. Hafa samrunaaðilar gert sátt við Samkeppniseftirlitið samkvæmt 17. gr. f. samkeppnislaga, sbr. einnig 17. gr. c. laganna, en í henni felst að samrunaaðilar skuldbinda sig til að hlíta eftirfarandi skilyrðum í starfsemi sinni.

1. gr.

Markmið og meginefni skilyrða

Markmið þessarar sáttar, og þeirra skilyrða sem í henni felast, er að efla og vernda virka samkeppni á þeim mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á og bregðast við þeirri röskun á samkeppni sem samruninn myndi annars leiða til.

2. gr.

Aðgengi að ljósaperum frá LedVance

Fagkaup skulu selja þeim viðskiptavinum sem eftir því leita ljósaperur frá framleiðandanum LedVance í heildsölu á viðskiptalegum grunni. Fagkaupum er skylt að gæta jafnræðis og hlutlægni innan þeirra viðskiptamannahópa sem kaupa ljósaperur frá LedVance af félaginu í heildsölu (e. fair and non-discriminatory terms), þ.e. fagaðilum annars vegar og endurseljendum (verslunum) hins vegar. Skal Fagkaupum heimilt að gera málefnalegar kröfur til viðskiptavina.

Heildsöluverð skal miðast við innkaupsverð með afsláttum og annan sannanlegan kostnað vegna heildsölu á umræddum vörum, auk hæfilegrar álagningar að teknu tilliti til viðskiptamannahópa skv. 1. mgr. og annarra málefnalegra sjónarmiða. Almennt skal miða við þá álagningu sem hefur verið viðhöfð á umræddum vörum í sambærilegum viðskiptum fram að samrunanum.

Skilyrði þessarar greinar falla úr gildi að tveimur árum liðnum frá undirritunardegi.

3. gr.

Birgjasamband undanskilið kaupunum

Í því skyni að efla samkeppni í sölu á götu- og stígalýsingu skuldbinda samrunaaðilar sig til þess að undanskilja birgjasamband við [] viðskiptunum. Jóhann Ólafsson skuldbindur sig til þess að grípa ekki til þeirra ráðstafana sem gert er ráð fyrir í kaupsamningi í því skyni að stuðla að yfirfærslu þessa tiltekna birgjasambands til Fagkaupa. Fagkaup skuldbindur sig til þess að koma ekki á birgjasambandi við umræddan birgja innan tveggja ára.

4. gr.

Gildistími og endurskoðun

Skilyrði sáttarinnar í 2. og 3. gr. falla úr gildi að tveimur árum liðnum frá undirritunardegi. Félagið getur óskað eftir endurskoðun á ákvæðum sáttarinnar ef verulegar breytingar hafa orðið á þeim málsatvikum eða aðstæðum sem liggja til grundvallar sáttinni, sbr. 3. mgr. 17. gr. f. samkeppnislaga og VI. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

5. gr.

Viðurlög o.fl.

Brot á þeim fyrimælum sem fram koma í sátt þessari geta varðað viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga nr. 44/2005.

Sátt þessi tekur til Fagkaupa og þeirra fyrirtækja sem Fagkaup hafa yfiráð yfir, þ.m.t. S. Guðjónsson og Johan Rönning. Sáttin gildir einnig um þau fyrirtæki sem að hluta til eða öllu leyti kunna að taka við þeirri atvinnustarfsemi sem S. Guðjónsson og Johan Rönning sinna í dag.

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ

f.h. Fagkaupa ehf.

f.h. Jóhanns Ólafssonar & Co ehf.

f.h. Samkeppniseftirlitsins